



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Alþingi - Umhverfisnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

☒ Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 8. maí 2008

Tilvísun: UST20080400127/tb

**Efni: Frumvarp til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum**

Vísað er í bréf frá Umhverfisnefnd Alþingis, dags. 17. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 477. mál, hækkun gjalds fyrir veiðikort.

**Í 1. gr. er lagt til að eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:**

a. Í stað lokamálsliðar 1. mgr. koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Eigi síðar en 1. apríl ár hvert skal veiðikortshafi skrá og skila þar til gerðri skýrslu um undangengið veiðiár sem telst frá 1. janúar til 31. desember. Ef veiðiskýrslu frá fyrra veiðitímabili hefur ekki verið skilað er útgáfa nýs veiðikorts óheimil. Ef veiðiskýrsla berst eftir lögmæltan skiladag hækkar gjald fyrir útgáfu nýs veiðikorts í 5.000 kr.

b. Fyrsti málsliður 3. mgr. orðast svo: Gjald fyrir veiðikort skal vera 3.500 kr. fyrir hvert veiðiár.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við framangreindar breytingar. Stofnunin vill hins vegar vekja athygli á að áætlaður kostnaður vegna breytinga sem þarf að gera á gagnagrunni stofnunarinnar er um 1,5 millj. kr.

**Í 2. gr. er lagt til að eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:**

Á eftir 2. másl. 9. mgr. 14. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Í því skyni er Umhverfisstofnun rétt að halda námskeið fyrir þá sem vilja gerast leiðsögumenn með hreindýraveiðum. Er Umhverfisstofnun heimil gjaldtaka vegna kostnaðar sem stendur í eðlilegum tengslum við sérhvert slíkt námskeið.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 12. gr. núverandi reglugerðar um stjórn hreindýraveiða nr. 486/2003 eru gerðar miklar kröfur til leiðsögumanna svo sem að þeir hafi skotvopnaleyfi, hafi þekkingu og reynslu af veiðum og hafi tekið þátt í námskeiðum um líffræði, vistfræði, náttúruvernd, ýmis lög er varða málefnið, meðferð skotvopna og GPS tækja og hafi hæfni í skyndihjálpi o.s.frv. Hvergi er þess hins vegar getið að hægt sé að


kerfjast þess að verðand leiðsögumenn taki próf til að staðfesta hæfni þeirra. Á þetta hefur reynt og menn fengið réttindi sem leiðsögumenn án þess að hægt hafi verið að krefja þá um að taka hæfnispróf. Þeir sem stunda veiðar á villtum dýrum skulu hafa tekið próf um villt dýr og umhverfi þeirra og í hæfni til veiða sbr. 11. gr. þeirra laga sem hér eru til umfjöllunar. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að hafa heimild í lögnum til að hægt sé að prófa leiðsögumenn með sama hætti.

**Umhverfisstofnun leggur til að 9. mgr. verði svohljóðandi í heild sinni:** Enginn má stunda hreindýraveiðar nema hann hafi til þess veiðileyfi og sé í fylgd með leiðsögumanni. Enginn getur tekið að sér leiðsögn með hreindýraveiðum nema hann hafi til þess hæfni og leyfi Umhverfisstofnunar. Í því skyni er Umhverfisstofnun rétt að halda námskeið til undibúnings að hæfnisprófum fyrir þá sem vilja gerast leiðsögumenn með hreindýraveiðum. Umhverfisstofnun er heimilt að innheimta gjald fyrir námskeið til undirbúnings prófunum. Gjöld skulu aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu. Ráðherra setur að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar gjaldskrá fyrir próf og námskeið. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um réttindi og skyldur leiðsögumanna með hreindýraveiðum að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar og hreindýraráðs. Í reglugerð skal m.a. gera kröfur um hæfni í meðferð skotvopna, þekkingu í skyndihjálpi, þekkingu í nauðsynlegum fræðigreinum, þekkingu og reynslu af veiðum, fláningu og meðferð afurða hreindýra auk krafna um endurnýjun leyfa.

**Í 3. gr. er lagt til að lög in öðlist þegar gildi.**

Umhverfisstofnun telur betra að lög in öðlist gildi í tvennu lagi. Vegna breytinga á 11. gr. laganna þarf Umhverfisstofnun tíma til að gera breytingar á gagnagrunni stofnunarinnar og auk þess hefur stór hluti veiðimanna greitt gjöld fyrir veiðikort sín í ár og eðlilegt að allir veiðimenn sitji við sama borð þetta veiðitímabil. Það er því eðlilegt að breytingar við 11. gr. laganna öðlist ekki gildi fyrir en 1. janúar 2009. Til þess að hægt sé að halda námskeið fyrir leiðsögumenn á þessu ári, með þeim breytingum sem frumvarpið gerir ráð fyrir á 14. gr. laganna, er eðlilegt að sá hluti frumvarpsins öðlist þegar gildi.

Virðingarfyllst

  
Gunnlaug H. Einarsson  
Staðgengill forstjóra

  
Trausti Baldursson